

FRÉTTABRÉF

Með fréttum frá Íslenska söfnuðinum í Noregi, Íslendingafélaginu í Ósló og Ískórnum

Unglingaferð í Íslendingahúsið í Norefjell

Dagana 20.-22. júní s.l. fór hópur íslenskra unglunga saman í ferð í Íslendingahúsið í Norefjell á vegum Íslenska safnaðarins í Noregi. Guðfræðingurinn og fræðslufulltrúinn, Ása Laufey Sæmundsdóttir, skipulagði ferð fyrir íslenska unglunga á aldrinum 14-16 ára sem búsettir eru víðsvegar um Noreg. Markmið ferðarinnar var að efla vináttu þeirra á milli í leikjum og samveru. Þetta var í fyrsta sinn sem farið hefur verið í æskulýðsferð innanlands. Ferðin heppnaðist vel í alla staði og var skemmtileg viðbót í blómlegt æskulýðsstarf safnaðarins.



Unglingar í Norefjell

Unglingastarfið

Æskulýðsfélag Íslenska safnaðarins í Noregi er frábær vettvangur fyrir unglunga á aldrinum 13-18 ára að hittast, efla vináttu og samskipti á uppbyggilegan hátt ásamt því að halda við íslenskukunnáttu unglunga. Starfandi æskulýðsfélög eru núna í Ósló, Bergen og Stavanger. Við hvetjum alla unglunga sem eru áhugasamir um starfið og langar til að komast í samband við aðra íslenska unglunga í Noregi að bæta sér í hópinn okkar á facebook „**Æskulýðshópur íslenska safnaðarins í Noregi**“. Þar er hægt að fylgjast með því sem er að gerast í starfinu okkar út um allt land. Æskulýðshópurinn í Stavanger er með facebook síðu „**Æskulýðshópurinn í Stavanger og nágrenni**“ og æskulýðshópurinn í Bergen er með facebook síðuna „**Æskulýðshópurinn í Bergen**“.

Fæðingardagur Ólafíu Jóhannsdóttur

Miðvikudaginn 22. október n.k. sér listanefnd safnaðarins um dagskrá í Ólafíustofu á milli kl. 19:00 og 21:00.

Frumskýnd verður heimildarmynd um Ólafíu Jóhannsdóttur og Íslenska söfnuðinn í Noregi. Ískórinn syngur og boðið verður upp á kaffi og kleinur. Verið hjartanlega velkomin.



Tilkynningar

Kyrroðar- og íhugunarstund
alla fimmtudaga í Ólafíu-
stofu kl. 12:15-12:30

...

Foreldramorgnarn kl. 10-12
alla fimmtudaga í
Ólafíustofu

...

Íslenskir sunnudagaskólar

eru starfræktir um allt land.
Fylgist með starfinu okkar
á heimasíðu safnaðarins:

**www.kirkjan.no/
sunnudagaskólinn**

og á

**facebook/Íslenski
söfnuðurinn í Noregi.**

Frá Íslendingafélaginu í Ósló

Íslendingafélagið í Ósló er elsti starfandi félagsskapur Íslendinga í Noregi. Það var stofnað 1. desember 1923 og því ófáir viðburðir og uppákomur sem félagið hefur staðið fyrir á þeim tíma. Fjöldi fólks hefur komið við sögu félagsins, sumir sem meðlimir í stjórn félagsins, aðrir sem nefndaraðilar svo einnig þeir sem hafa lagt hönd á plóg í sjálfbóðaliðastarfi. Íslendingafélagið hefur það að markmiði að efla samheldni og félagslíf Íslendinga, auk þess að vinna að sameiginlegum hagsmunum félagsmanna.

Eitt af aðalsmerkjum félagsins er Íslendingahúsið við Norefjell sem félagið keypti árið 1967 og hefur síðan þá verið rekið með góðri aðstoð sjálfbóðaliða félagsins. Húsið er einstaklega fallett og rúmgott með 32 svefnplássum í 3 herbergjum og tveimur svefnöllum. Húsið liggur undir fjallinu Norefjell sem er eitt af vinsælustu skíðasvæðum í Noregi og rétt við vatnið Krøderen. Húsið er því mjög vel staðsett fyrir þá sem vilja skella sér á skíði yfir vetrartímann eða til að njóta lífsins í fallettri náttúru yfir sumartímann. Fögur náttúra einkennir umhverfi hússins og margt sem hægt er að skoða í nánasta umhverfi þess. Hægt er að fara í gönguferðir, fjallgöngur, bátsferðir á

vatninu eða veiða. Finn 18 holu golfvöllur er í aðeins 5 mínútna akstursfjarlægð. Hægt er að taka gamla járnbrautarlest frá Krødern til Vikersund, fara í hestaferðir, heimsækja bjarn-dýragarð og margt fleira.

Húsið er einnig vinsælt til að fara í stuttar ferðir á virkum dögum með skóla eða vinnuhóp. Fleiri upplýsingar um húsið og bókunarsíða er að finna á vefsíðu Íslendingafélagsins

<http://islendingafelagid.no>

Farið er í tvær vinnuferðir á hverju ári og er sú stærri síðustu helgina í maí. Þá er líf og fjör og allir sem vettlingi geta valdið taka til hendinni. Í vor var ein hlið hússins tekin í gegn, tröppurnar niður að vatninu voru kláraðar og barnakotið endurbætt en börnin fengu það mikilvæga verkefni að mála það að innan. Húsnefndin vill nota tækifærið og auglýsa facebooksíðu hússins og vonast til að sjá sem flesta á öllum aldri í næstu vinnuferð.

<https://www.facebook.com/Islandingahusid>



Eldriborgarastarf í Ósló.

Í hverjum mánuði í vetur munum við hittast og eiga góðar stundir saman eins og venja hefur verið síðustu ár.

Við hefjum stundirnar með bænastund klukkan 12:00 og borðum saman léttan hádegisverð. Fimmtudagana 11. september, 9. október og 13. nóvember verða stundirnar haldnar á skrifstofu íslenska safnaðarins í Pilestredet Park 20 í Ósló.

Allir 60 ára og eldri hjartanlega velkomnir.

Ása Laufey Sæmundsdóttir, Einar Traustason og Osvald Kratsch.

Kórastarf í Ósló og Þrándheimi

Ískórinn í Ósló æfir í Ólafíustofu, Pilestredet Park 20, 0176 Ósló, á miðvikudagskvöldum kl. 18-20:30.

Við hvetjum áhugasama að mæta á næstu æfingu.

Sólveig Jónsdóttir er formaður kórsins og Gísli Jóhann Grétarsson er kórstjóri.

Netfang kórsins: iskorinn@hotmail.com

Kór Kjartans í Þrándheimi tekur á móti nýjum kórfélögum. Kórinn er með æfingar alla fimmtudaga kl. 19:00 í Glosshaugen, Institutt for Industri Design. Nánari upplýsingar er hægt að fá á síðunni www.facebook.com/IslandingafelagidKjartan í Þrándheimi.

Vinsamlega sendið línu á Ingu: starfsmadur@kirkjan.no

+ Ef þú þekkir einhvern sem vill fá send fréttabréf Íslenska safnaðarins

+ Ef þú vilt ekki fá send fréttabréf safnaðarins.

Aðventuhátíð í Ósló 30. nóvember

kl. 14:00 í Nordberg kirkju.

Sunnudaginn 30. nóvember klukkan 14:00 verður haldin aðventuhátíð í Nordberg kirkju Ósló. Gunnar Þórðarsson er sérstakur gestur okkar í ár. Hátíðarræða verður flutt af fyrrverandi biskupi Íslands Hr. Karli Sigurbjörnssyni. Hjörleifur Valsson mun spila á fiðluna og Ískórinn syngur fyrir hátíðargesti. Sunnudagaskólinn verður á sínum stað á sama tíma fyrir yngstu kynslóðina.

Gunnar Þórðarson verður einnig sérstakur hátíðargestur í messu í Prándheimi í Tempe kirkju og í Bergen sunnudaginn 7. desember. kl. 14:00 í Åsane kirkju.



Leiksýningin „Unglingurinn“ í Noregi

Íslenski söfnuðurinn í Noregi bauð Íslendingum í leikhús í sumar þegar leiksýningin „Unglingurinn“ kom í heimsókn til Noregs. Höfundar verksins eru Óli Gunnar Gunnarson og Arnór Björnsson en þeir leika jafnframt aðalhlutverk í sýningunni. Boðið var upp á fjórar sýningar, í Bergen, Stavanger, Ósló og Kristiansand. Verkið vakti mikla hrifningu áhorfenda þar sem dagleg samskipti unglinga við foreldra, kennara, jafnaldra og hitt kynið var sett fram á skemmtilegan hátt. Þetta var frábær fjölskylduskemmtun þar sem bæði foreldrar og börn gátu hlegið saman.




Sendiráð Íslands í Ósló er opið alla virka daga kl. 10-15 og er til húsa við Stortingsgata 30, Ósló.

Sendiherra Íslands í Noregi er Gunnar Pálsson. Eitt af hlutverkum sendiráðsins er að gæta að hagsmunum Íslendinga í Noregi. Vefsíða sendiráðsins er www.island.no þar er hægt að nálgast hagnýtar upplýsingar.

Sendirráðið tekur m.a. á móti vegabréfaumsóknum, en bóka þarf tíma fyrirfram í síma 2323 7530.

Fyrirspurnir sendast með tölvupósti á emb.oslo@mfa.is eða símleiðis: 2323 7530.

Facebooksíða sendiráðsins: www.facebook.com/IslandsAmbassadeOslo



Á döfnni hjá Íslenska söfnuðinum í Nordberg kirkju í Ósló

- 31. ágúst Guðsþjónusta í Gamle Aker kirkju, kl. 14.
- 5. október Sameiginleg messa Nordberg safnaðar og Íslenska safnaðarins í Noregi kl. 14. Ískórinn syngur.
Sunnudagaskóli á sama tíma
- 22. október Minningarstund í Ólafíustofu, Pilestredet Park 20, kl. 19.
- 2. nóvember Allra heilagra messa kl. 14. Ískórinn syngur. Sunnudagaskóli á sama tíma.
- 30. nóvember Aðventuhátíð safnaðarins. kl 14. Sérstakur **hátíðargestur** verður Gunnar Þórðarsson.
Hr. Karl Sigurbjörnsson flytur hátíðarræðu. Sunnudagaskóli á sama tíma.
- 26. desember Annar í jólum. Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Sunnudagaskóli og jólaball.

Á döfnni hjá Íslenska söfnuðinum úti á landsbyggðinni

- 14. sept. Sunnudagaskóli í Elverhøy kirkju kl. 14 í Tromsø.
- 26.-28. sept. Fermingarnámskeið í Aah stiftsgaard.
- 24.-26. okt. Æskulýðsstarf ÍSN tekur þátt í landsmóti ÆSKP á Íslandi.
- 6. desember Messa í Tempe kirkju kl. 14 í Þrándheimi, Gunnar Þórðarsson syngur. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 7. desember Messa í Sunde kirkju kl. 14 í Stavanger. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 7. desember Messa í Ásane kirkju kl. 14 í Bergen. Gunnar Þórðarsson syngur. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 13. desember Messa í Ássiden kirkju í Drammen kl. 14. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 14. desember Fjölskylduguðsþjónusta og jólastund í Tromsø kl. 14. Staðsetning auglýst síðar.
- 14. desember Messa í Hellemyr kirkju í Kristiansand kl. 14. Ískórinn syngur. Skírt verður í messunni.
Sunnudagaskóli og jólaball.

Venjulega er kirkjukaffi eftir hverja messu.

Fylgist með á www.kirkjan.no eða á [facebook.com/Íslenski söfnuðurinn í Noregi](https://www.facebook.com/Íslenski-söfnuðurinn-í-Noregi).

Ólafíustofa, Pilestredet Park 20, 0176, er opin frá mánudegi til fimmtudags kl. 10-14.

Sími: 223 60 140. Inga Erlingsdóttir, starfskona, starfsmadur@kirkjan.no

Ása Laufey Sæmundsdóttir, fræðslufulltrúi, fraedsla@kirkjan.no

Sr. Arna Grétarsdóttir, prestur@kirkjan.is, símanúmer: 957 53 390, símatími: 10-11 þriðjudaga-föstudaga.

Spakmæli úr Biblíunni:

„Þakkið Drottni, því að hann er góður, því að miskunn hans varir að eilífu.“

(Slm. 107.1)

Umbrot og hönnun fréttabréfsins:
Hrafnhildur Brynjarsdóttir
hrafnhildurb80@yahoo.com

Utgiver og returadresse:
Den islandske menigheten i Norge,
Pilestredet Park 20,
0176 Oslo